## Grunnskóli Húnaþings vestra

# Föstudagsmolinn 2

**23. október - 3. nóvember**





Fallegur morgun sem við fengum að njóta í vikunni. Svo eru þarna Hekla og Matthías að þenja raddböndinn í söngtíma.

## Bekkjarþing

Það styttist í Bekkjarþing.
Í ár ætlum við að vinna með lestur og lestrarþjálfun.

- 27. nóvember - unglingastig
- 29. nóvember - 1.-2. bekkur
- 30. nóvember - miðstig
- 1.desember - 3.-4. bekkur



Núna er sá tími kominn að allra veðra er von. Munum að koma klædd eftir veðri í skólann.



Nú er úti veður vott
verður allt að klessu
ekki fær hann Grímur gott
að gifta sig í þessu.

# Framundan næstu tvær vikur

**Mánudagur 23. október**
Matseðill: Steiktur fiskur (rauðspretta) kartöflur, laukfeiti, st. Grænmeti, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl. 8:20

**Þriðjudagur 24. október - KVENNAVERKFALL**

- Öll kennsla fellur niður vegna kvennaverkfalls.
- Frístund opin til kl 14:30 fyrir þá nemendur sem eru skráðir á þriðjudögum.
- Kennsla í tónlistarskólanum

**Miðvikudagur 25. október - STARFSDAGUR**

- Frístund lokuð
- Kennsla í tónlistarskólanum

**Fimmtudagur 26. október - VETRARFRÍ**

- Frístund lokuð

**Föstudagur 27. október - VETRARFRÍ**

- Frístund lokuð

**Mánudagur 30. október**
Matseðill: Fiskiborgarar, hrísgrjón, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl. 8:20

**Þriðjudagur 31. október**
Matseðill: Sænskar kjötbollur (inniheldur svínakjöt), kartöflur, sósa, grænar baunir, rauðkál, salat og grænmeti.

- Skáld í skólum fyrir miðstig

**Miðvikudagur 1. nóvember**
Matseðill: Soðinn fiskur (þorskur), kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð, salat og grænmeti.

**Fimmtudagur 2. nóvember**
Matseðill: Tortillur-kökur með hakki (lamba og nautakjöt), salat, grænmeti, ostur, salsa og sýrður rjómi.

- Kóræfing í hádeginu
- Undirbúningur fyrir árshátíð á milli mata

**Föstudagur 3. nóvember**
Matseðill: Grænmetisbuff, kartöflur, salat og grænmeti.

- Undirbúningur fyrir árshátíð á milli mata

## Námsferð til Riga

Megin þorri starfsfólks ætlar að nýta vetrarfríið í endurmenntun og samveru í Lettlandi. Farið verður á námskeið í Jákvæðum aga og Riga skoðuð undir leiðsögn. Svo ætlum við að njóta samverunnar og hlaða batteríin fyrir árshátíðarundirbúninginn sem er rétt handan við hornið. Vonandi fá allir gott tækifæri til þess að njóta vetrarfrísins sem best.







